

## Umhverfis-og loftlagsstefna Sýslumannsins á Vesturlandi

### Framtíðarsýn

Á seinustu árum hefur skapast mikil vitund um umhverfisáhrif ýmissar starfsemi og lífshátta. Breyting hefur átt sér stað á neyslu og umhverfishegðun og fyrstu skrefin að umhverfisvænna umhverfi hafa þegar verið stigin, til dæmis með flokkun sveitarfélaga á úrgangi. Að mörgu öðru er þó að hyggja og móta þarf því skýra stefnu um það hvernig skal haga málum. Við hjá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi (SMV) tökum nú næsta skrefið í átt að þeirri umhverfismenningu sem við viljum búa við.

Umhverfisvernd og vistvænni lifnaðarhættir eru studdir af ýmsum stofnunum, reglugerðum og lögum, t.d. [Grænu skrefunum](#), sem er umhverfisvottun opinberra stofnana. Þetta krefst þess að stigin séu ákveðin skref til að ná því markmiði að mynda umhverfisstjórnunarkerfi. Sýslumaðurinn á Vesturlandi hefur ákveðið að hefja göngu sína til að ná þessu markmiði.

[Loftlagsstefna](#) Stjórnarráðs, sem kom út 2019, mótar einnig stefnu okkar en hún krefst þáttöku allra opinberra stofnanna í að efna skuldbindingar Íslands á sviði loftlagsmála:

„Haustið 2018 kynnti ríkisstjórnin aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030 um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030. Áætlunin krefst samstillts átaks allra í samfélaginu. Aðgerðaáætlunin er helsta tæki stjórnvalda til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins til 2030 og markmiði ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040“

(Bl.6. Loftlagsstefna Stjórnarráðsins. Apríl 2019)

Einnig má nefna [lög um loftlagsmál nr. 70 /2012](#).

Markmið laganna, samkvæmt 1. gr., er:

- að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti,
- að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti,
- að stuðla að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga, og
- að skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

### Yfirmarkmið

Í samræmi við ofanritað viljum við hjá SMV takmarka neikvæð umhverfisáhrif sem geta skapast vegna vinnu okkar. Við viljum vera þáttakandi og fyrirmynd í þessari þróun sem nú á sér stað.

Að fyrirmynd Stjórnarráðsins viljum við hjá SMV draga úr losun okkar á gróðurhúsalofttegundum um 40% fyrir árið 2030, miðað við árið 2020. Það ætlum við að gera með því að skipta yfir í vistvænni samgöngur, koma á samgöngusamningum og draga úr úrgangsmýndun.

Aðrir umhverfisþættirnir sem við munum fylgjast með og leggja áherslu á verða orkunotkun, úrgangslausun og fræðsla starsfanna.

### Umfang

Stefna þessi á við um allar starfsstöðvar okkar: á Akranesi, í Borgarnesi og Stykkishólmi. Nær hún yfir allan innri rekstur, samgöngur, rafmagns-og hitavatnsnotkun. Útstöð í Búðardal tekur þátt upp að vissu marki.

Myndaður er starfshópur Grænna skrefa SMV. Í honum eru Sýslumaðurinn á Vesturlandi, sviðsstjóri SMV og umsjónarmenn Grænu skrefanna á Akranesi, Borgarnesi og Stykkishólmi.

Verkefni starfshóps Grænu skrefanna verður að:

- Tryggja að umhverfis- og loftlagsstefna og markmið séu innleidd og í samræmi við hlutverk og stefnu starfseminnar
- Tryggja nægan mannauð, fjármagn og tíma í umhverfisstjórnunarkerfið
- Miðla upplýsingum um umhverfisstjórnunarkerfið innávið og útávið
- Stuðla að stöðugum umbótum
- Úthluta hlutverkum og ábyrgð til starfsmanna til að tryggja virkni kerfisins
- Rýna umhverfisstjórnunarkerfið árlega.

### Áherslur í umhverfis-og loftlagsmálum

- Regluleg fræðslu til starfsmanna um vistvæna lifnaðarhætti innan, jafnt sem utan vinnustaðarins.
- Að henda engu í hugsunarleysi– við flokkum, endurvinnu eða gefum áfram. .
- Að leita að vörum sem bera umhverfissvottun eða lífræna vottun.
- Að reyna innan ramma kerfisins sem við störfum eftir að finna stafrænar eða rafrænar lausnir – t.d. fjarfundir í stað ferða eða skýjageymsla í stað bréfasendinga.
- Að vinna að stöðugum úrbótum. Með notkun græns bókhalds getum við séð tölulega hvar við stöndum og hvar úrbóta er þörf.

### Markmið 2021-2030

Skuldbinding Sýslumannsins á Vesturlandi við vistvænni starfshætti hófst með þáttöku í Grænum skrefum. Vinnan hófst 2021 og búist er við 5.skrefinu snemma á árinu 2022.

Víðari markmið unnin uppúr græna bókhaldinu og í samræmi við ofangreinda stefnu líta þá svona út:

## Markmið umhverfis-og loftlagsstefnu



### Eftirfylgni

Stefna þessi verður birt á síðu Sýslumanna á Íslandi (syslumenn.is) undir okkar embætti. Á þriggja ára fresti endurskoðar starfshópur Grænna skrefa innan SMV hana og uppfærir ef þörf er á.